

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá kaldavatsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir breytingu á gjaldskrá kaldavatsveitu sveitarfélagsins. Samþykkt er að tengigjöld (stofngjöld) í gjaldskrá kaldavatsveitu sveitarfélagsins vegna ársins 2003 hækki um 4,63%.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Vatnsgjald 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með síðari breytingum skv. ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995, með síðari breytingum skv. ákv. 1. gr. laga nr. 143/2000.

Tengigjald (stofngjald) á lögbyli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 263.253.

Tengigjald fyrir frístundahús (sumarhús) og íbúðarhús verður kr. 133.405.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 25. mars 2003.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.